



Endurskoðun BT ehf.

Stórhöfða 33, 110 Reykjavík

Sími 553-1650

Netfang: endbt@endbt.is | endbt.is

Atvinnuvegaráðuneytið
Samráðsgátt

Reykjavík, 14. febrúar 2026

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.) – Mál nr. S-24/2026.

Við höfum skilið það þannig að stefna ríkisstjórnarinnar sé að íslensk lög eigi ekki að vera með gullhúðun (sem við teljum frekar vera blýhúðun) á evrópureglum sem fylgja ber skv. EES samningi. Ekki er þó að sjá á því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar að þeirri stefnu sé fylgt.

Við sendum inn umsögn varðandi 2. 3. og 5. gr. frumvarpsins og atriði þeim tengdum auk ábendinga um nokkur önnur atriði laganna.

Um um 1. og 2. grein frumvarpsins

Við teljum þær breytingar sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. frumvarpsins séu til bóta.

Við leggjum til tvær breytingar til viðbótar á 2. og 3. gr. laganna:

1. Að skilgreiningum í 9. tl. 2. gr. laganna verði breytt aftur í fyrra horf fyrir gildistöku laga nr. 102/2020 til að minnka gull-/blýhúðun í íslensku lögunum frá þeim kröfum sem evrópureglur kveða á um varðandi flokkun félaga sem einingar tengdar almannahagsmunum, þ.e. e-i liðir verði felldir út eða a.m.k. hluti þeirra. Skilgreining sú sem notuð var við setningu laga nr. 102/2020 snérist um þjóðhagslegt mikilvægi félaga, hvort starfsemi félaga varði hagsmuni almennings með vísan til eðli rekstrar, stærðar eða fjölda starfsmanna. Í evrópurétti er þessari skilgreiningu félaga hins vegar aðallega ætlað að vernda fjárfesta og lánardrottna, traust á fjármálamörkuðum, hagsmuni almennings almennt þar á meðal sparifjáreigenda, lífeyrissjóða, tryggingataka og annarra sem eru óbeint háðir stöðuleika og heilbrigði þessara félaga. Í stuttu máli þá er skilgreiningu eininga tengdum almannahagsmunum í evrópurétti ekki til að vernda félögin sjálf, heldur þá sem treysta á þau og stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Erfitt er sem dæmi að sjá þörf eða tilgang þess að sjávarútvegsfélög, fiskeldisfyrirtæki, félög með flugrekstrarleyfi, eða félög sem sinna farmflutningum, önnur en þau sem eru með skráð hlutabréf eða skuldabréf á markaði eigi að teljast vera einingar tengdar almannahagsmunum frekar en önnur stór félög í öðrum atvinnugreinum.
2. Að ganga ætti lengra þegar búið er að setja viðbótar hámark á stærðarmörk eigna örfélaga inn í 3. gr. laganna og fella þá út 8. mgr. laganna eða fækka liðum þar, sem takmarka hvaða tegundum félaga er heimilt að flokka sem örfélög. A.m.k. fella þar út c og d liðina þ.e. um að

fjárfestingarfélög og fasteignafélög undir stærðarmörkum örfélaga geti ekki flokkast sem örfélög. Oft á tíðum er það álitaefni hvort félög séu rekstrarfélög, fjárfestingafélög eða fasteignafélög og skráning í atvinnugreinaflokk ekki endilega rétt. Sem dæmi, er t.d. félag sem er ekki með neina starfsemi og á engar eignir nema eignarhlut í öðru félagi uppá kr. 1.000.000 eignarhaldsfélag eða fjárfestingafélag? Af hverju skyldi slíkt félag ekki geta talist örfélag?

Um 5. grein frumvarpsins um endurskoðunarmörk

Skv. EES reglum er skylt að endurskoða félög sem flokkast sem meðalstór og stór, en ríkjum er heimilt að hafa mörkin lægri (gull- / blýhúðun). Þegar endurskoðunarmörk ríkja EES samningsins eru skoðuð sést að þau eru mjög mismunandi og að Ísland er með miklu lægri mörk en krafa er um skv. EES reglum og mjög lág mörk þó vissulega séu sum ríkin með enn lægri mörk. Margir hafa velt því upp hvaða tilgangur sé í að skylda lítil félög til að láta endurskoða ársreikninga sína og hverra hagsmunir það eru. Í því sambandi má einnig benda á að lítil félög geta auðvitað ákveðið sjálf að láta endurskoða ársreikninga sína sjái þau sér hag í því og að lánastofnunum og öðrum verulegum viðskiptaaðilum slíkra félaga er í lófa lagið að krefjast endurskoðunar ársreikninga vilji þau eiga saman viðskipti. Það er ekki alltaf þörf á lagakröfum um allt.

Að okkar áliti eru fjárhæðamörk endurskoðunar skv. frumvarpi of lág miðað við bæði þann kostnað sem miklar kröfur í endurskoðun leiða til og þess hags sem hagaðilar umræddra félaga hafa af endurskoðun.

Í 5. gr. frumvarps eru þrjár breytingar fyrir utan fjárhæðabreytingar.

Sú fyrsta er skilgreining tímamarka stærðarflokkunar félaga og þeim breytt til samræmis við tímamörk stærðarflokkunar skv. 2. gr. laganna sem er til einföldunar og bóta að okkar mati.

Önnur breytingin er varðandi skilgreiningu tekna sem er útvíkkuð en sett til samræmis við skilgreiningu þeirra í 2. gr. laganna þegar hrein velta er ekki lýsandi fyrir starfsemi félags. Það er að okkar áliti eðlilegt.

Þriðja breytingin er síðan e. liður 5. gr. frumvarpsins um að félög með a.m.k. 1,5 milljarð í eignir verði endurskoðunarskyld þrátt fyrir að vera undir mörkum í tekjum og starfsmannafjölda. Hér virðist vera um að ræða enn eina nýja gullhúðun / blýhúðun sem er algjörlega órökstudd í greinargerð með frumvarpi og andstæð þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa talað fyrir. Þessi breyting er undarleg og óþörf og þá ekki síst eftir að tekjur þær sem endurskoðunarmörk miða við hafa verið útvíkkaðar sbr. framangreint. Lagt er til að e-liðurinn verði felldur út.

Lokaorð

Það kann að hljóma undarlega að við sem endurskoðendur skulum tala gegn því að skylda fleiri félög til að láta endurskoða ársreikninga sína og fyrir því að hækka mörk endurskoðunar og þannig fækka endurskoðunarskyldum félögum. Við erum á móti gull- / blýhúðun í íslenskum lögum frá því sem EES samningur skyldar okkur til, nema fyrir því séu verulega góð rök. Einnig höfum við alltaf verið á þeirri skoðun að okkar vinna sem endurskoðenda verði að gera þjóðfélaginu gagn og að það gagn þurfi að vera meira en kostnaður vegna þeirrar vinnu. Með öðrum orðum að sama gildi þar og almennt um að eftirlit eigi ekki að vera dýrara en sá hagur sem af því hlýst því þá sé um soun að ræða.

Virðingarfyllt,

Endurskoðun BT ehf.

Birkir Leósson, endurskoðandi